

## Umhverfis- og skipulagsráð

Ár 2017, miðvikudaginn 1. nóvember kl. 9:12, var haldinn 209. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð. Ráðssal Viðstaddir voru: Hjálmar Sveinsson, Magnea Guðmundsdóttir, Torfi Hjartarson, Sverrir Bollason, Sigurborg Ó Haraldsdóttir, Halldór Halldórsson, Áslaug María Friðriksdóttir, og Sævar Þór Jónsson áheyrnarfulltrúi. Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Björn Axelsson, Nikulás Úlfar Másson, Þorsteinn Hermannsson, Oddrún Helga Oddsdóttir og Marta Grettisdóttir. Fundarritari er Erna Hrönn Geirsdóttir.

### Þetta gerðist:

#### A) Skipulagsmál

1. **Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, fundargerðir** Mál nr. SN010070

Lagðar fram fundargerðir afgreiðslufunda skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, dags. 20. og 27. október 2017.

2. **Kvosin, Landsímareitur, breyting á deiliskipulagi** (01.140.4) Mál nr. SN170543  
610593-2919 Lindarvatn ehf., Reykjavíkflugvelli, 101 Reykjavík  
440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn THG Arkitekta ehf., mótt. 29. júní 2017, varðandi breytingu á deiliskipulagi Landsímareits. Breytingin felst í meginatriðum í því að borgarlandinu/lóðinni á milli lóðanna Vallarstrætis 4 og Aðalstrætis 7 er skipt upp á milli þeirra og lóðirnar stækkaðar sem því nemur og að leyfilegt verður að fjarlægja viðbyggingu frá 1967 við Landsímahúsið/Thorvaldsensstræti 6 og byggja hana í sömu mynd. Einnig er fallið frá kröfu um að opna skuli samkvæmissal (Nasa) út í Vallarstræti, bætt við skilmálum um bílastæði, ásamt ýmsum smærri breytingum og lagfæringum. Engar breytingar eru gerðar á stærðum og hæðum húsa og húshluta aðrar en núverandi kjallara Vallarstrætis 4 er bætt við, samkvæmt uppdr. THG Arkitekta ehf., dags. 3. júlí 2017. Tillagan var auglýst frá 4. ágúst 2017 til og með 21. september 2017. Eftirtaldir aðilar sendi inn athugasemdir: Steinunn Steinars, dags. 24. ágúst 2017, Guðrún Helgadóttir, dags. 5. september 2017, Ragnhildur Benediktsdóttir f.h. Kirkjugarðaráðs, dags. 8. september 2017, Marínó Þorsteinsson f.h. Sóknarnefndar Dómkirkjunnar, dags. 11. september 2017, Bolli Héðinsson, dags. 14. september 2017, Helgi Þorláksson f.h. BIN hóps, dags. 13. september 2017 og Ragnar Aðalsteinsson hrl. f.h. 5 aðila, dags. 21. september 2017. Að loknum athugasemdarfresti barst athugasemd frá Gylfa Kristinssyni f.h. stjórnar Laugardalsættar, dags. 17. október 2017. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands, dags. 15. september 2017, umsögn Borgarsögusafns Reykjavíkur, dags. 6. október 2017 og drög að fornleifaskráningu mótt. 19. október 2017. Frestað.

Lilja Grétarsdóttir verkefnisstjóri og Vala Garðarsdóttir fornleifafræðingur taka sæti á fundinum undir þessum lið.

3. **Nýlendugata 34, breyting á deiliskipulagi** (01.130.2) Mál nr. SN170480  
680113-0840 Ydda arkitektar ehf., Seljavegi 2, 101 Reykjavík  
480915-1510 Arwen Holdings ehf., Seljavegi 2, 101 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Ydda arkitekta ehf., mótt. 9. júní 2017, varðandi breytingu á deiliskipulagi nýlendureits vegna lóðarinnar nr. 34 við Nýlendugötu. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit og aukning á byggingarmagni vegna byggingu nýbyggingar á lóðinni, timburhús með allt að 6-7 íbúðum. Byggingin er

tvær hæðir og ris þar sem rishæðin brotnar upp í þrjú staðstæð form, samkvæmt uppdr. Ydda arkitekta ehf., dags. 9. júní 2017. Tillagan var auglýst frá 4. ágúst 2017 til og með 15. september 2017. Eftirtaldir aðilar sendu inn athugasemdir: Vésteinn Ólason, dags. 21. ágúst 2017, Ólafur Pétursson og Guðbjörg Guðmundsdóttir, dags. 14. september 2017 og Sæmundur Benediktsson, dags. 17. september 2017. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. október 2017.

Samþykkt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 18. október 2017.

Vísað til borgarráðs.

Borghildur Sölvey Sturludóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

4. **Reitur 1.174.0 Landsbankareitur**, breyting (01.174.0) Mál nr. SN170739  
á deiliskipulagi vegna lóðanna nr. 88A, 90 og  
92A við Hverfisgötu og 67A við Laugaveg  
531006-3210 Rauðsvík ehf., Skúlagötu 30, 101 Reykjavík  
710178-0119 T.ark Arkitektar ehf., Brautarholti 6, 105 Reykjavík

Lögð fram umsókn T.ark. Arkitekta ehf., mótt. 5. október 2017, varðandi breytingu á deiliskipulagi reits 1.174.0, Landbankareits, vegna lóðanna nr. 88A, 90 og 92A við Hverfisgötu og 67A við Laugaveg. Í breytingunni felst m.a. að sameina lóðirnar að Hverfisgötu 88A og 90, gera kjallara undir Hverfisgötu 88A, fella niður kvöð um flutning hússins að Hverfisgötu 92 og þess í stað heimilt að fjarlægja húsið og byggja nýtt, rífa Laugaveg 67A og endurbyggja í sinni upprunalegu mynd o.fl., samkvæmt uppdr. T.ark. Arkitekta ehf., dags. 10. október 2017.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Margrét Þómar verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

5. **Njálsgötureitur**, breyting á deiliskipulagi (01.190.1) Mál nr. SN170423  
vegna lóða nr. 23 við Bergþórugötu og 48A  
við Njálsgötu  
500804-2030 Kaskur ehf, Suðurlandsbraut 48, 108 Reykjavík  
691209-1480 Tvíhorf sf., Brúarvogi 1-3, 104 Reykjavík

Lögð fram umsókn Tvíhorfs ef., mótt. 20. maí 2017, varðandi breytingu á deiliskipulagi reits 1.190.3, Njálsgötureits, vegna lóðanna nr. 23 við Bergþórugötu og 48A við Njálsgötu. Í breytingunni felst að heimila gististað í flokki II í húsinu að Bergþórugötu 23 og setja svalir á húsið sem fara út fyrir byggingarreit ásamt færslu á byggingarreit að Njálsgötu 48A, samkvæmt uppdr. mótt. 22. maí 2017. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. október 2017.

Synjað með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 30. október 2017.

Vísað til borgarráðs.

Halldóra Hrólfsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

6. **Nýr Landspítali við Hringbraut**, breyting á (01.19) Mál nr. SN170786  
deiliskipulagi  
500810-0410 Nýr Landspítali ohf., Skúlagötu 21, 101 Reykjavík

Lögð fram umsókn Helgu Bragadóttur f.h. Nýs Landspítala ohf. mótt. 24. október 2017 varðandi breytingu á deiliskipulagi Nýs Landspítala við Hringbraut. Í breytingunni felst færsla byggingarreita og byggingarlína meðferðarkjarna 1. áfanga (21) og síðari áfanga (21a). Meðferðarkjarni 1. áfanga (21) er stækkaður um allt að 6.3 metra til vesturs, allar hæðir, en byggingarreit síðari áfanga (21a) er minnkaður sem því munar og byggingin lækkuð um eina hæð, uppbroti hússins og inndragi er breytt og á móti er inndreginn flötur minni á suðurhlíð o.fl., samkvæmt uppdr. Spítal dags. 24. október 2017.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.  
Vísað til borgarráðs.

7. **Skildinganes**, breyting á deiliskipulagi (01.67) Mál nr. SN170513  
160980-5679 Davíð Þorláksson, Skildinganes 2, 101 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Davíðs Þorlákssonar, mótt. 19. júní 2017, varðandi breytingu á skilmálum deiliskipulags Skildinganess fyrir lóðina nr. 2 við Skildinganes. Í breytingunni felst að skilmálum er breytt þannig að heimilt er að hafa verönd á þaki bifreiðageymslu, samkvæmt uppd. a2f arkitekta ehf., dags. 18. ágúst 2017. Tillagan var grenndarkynnt frá 11. september 2017 til og með 9. október 2017. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Höskuldur H. Ólafsson og Sigríður Ólafsdóttir, dags. 6. október 2017. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. október 2017.

Synjað með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 27. október 2017.

Borghildur Sölvey Sturludóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

8. **Kjalarnes, Árvellir**, breyting á deiliskipulagi Mál nr. SN170623  
480514-0680 Leiguafli slhf., Borgartúni 28, 105 Reykjavík  
150356-5479 Pétur Hálfán Jónsson, Hamrahlíð 23, 105 Reykjavík

Lögð fram umsókn Pétur H. Jónssonar, mótt. 22. ágúst 2017, varðandi breytingu á deiliskipulagi jarðarinnar Árvellir á Kjalarnesi. Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir 17 lóðum undir smáhýsi til útleigu (ferðapjónustu) á um 1,5 ha svæði norðarlega á landinu, samkvæmt uppd. Pétur H. Jónssonar, dags. 4. ágúst 2017. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. október 2017.

Synjað með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 27. október 2017.  
Vísað til borgarráðs.

Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

9. **Reitur 1.171.1, Hljómalindarreitur v/ Klapparstígur 28- 30**, breyting á skilmálum deiliskipulags (01.171.1) Mál nr. SN170800  
671106-0750 Þingvangur ehf., Bergstaðastræti 73, 101 Reykjavík

Lögð fram umsókn Þingvangs ehf. mótt. 26. október 2017 varðandi breytingu á skilmálum deiliskipulags reits 1.171.1, Hljómalindarreits. Í breytingunni felst að breyttir eru sérskilmálar um nýbyggingar sem snúa að torgi og götum þ.e. heimilt er að hafa sömu starfsemi í mismunandi húsum ef það hefur jákvæð áhrif á torgið og götur, samkvæmt tillögu Þingvangs ehf. dags. 24. október 2017.

Samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs.

Samþykkt að falla frá grenndarkynningu þar sem breyting á deiliskipulagi varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda með vísan til 2.ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Jón Kjartan Ágústsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

### (B) Byggingarmál

10. **Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa**, fundargerð Mál nr. BN045423

Fylgiskjal með fundargerð þessari eru

fundargerðir afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 947 frá 24. október 2017 og fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 948 frá 31. október 2017.

11. **Þingholtsstræti 15A**, Breytingar á gluggum (01.180.104) Mál nr. BN053455  
svalaskýli og svalir Þingholtsstræti 15A  
020850-4859 Sigurður Björnsson, Þingholtsstræti 15a, 101 Reykjavík  
030552-7179 Hildur Sigurbjörnsdóttir, Þingholtsstræti 15a, 101 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 5. september 2017 þar sem sótt er um leyfi til að breyta áður samþykktu erindi BN048091 þannig að settar eru svalir út frá svalaskýli 0202 á austurhlíð hússins á lóð nr. 15 A við Þingholtsstræti. Erindi var grenndarkynnt frá 20. september 2017 til og með 18. október 2017. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Guðfinna Hinriksdóttir og Árni Geir Magnússon dags. 17. október 2017. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. október 2017.  
Neikvætt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 27. október 2017.  
Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.

Margrét Þormar verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

### (C) Fyrirspurnir

12. **Furugerði 23**, (fsp) uppbygging á lóð (01.807.4) Mál nr. SN170667  
650811-0110 Beka ehf., Skólavörðustíg 12, 101 Reykjavík  
531107-0550 Arkís arkitektar ehf., Kleppsvegi 152, 104 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Arkís arkitekta ehf., mótt. 21. september 2017, um uppbyggingu á lóð nr. 23 við Furugerði og að afnema kvöð um að taka megí hluta lóðar undir götu, skv. kynningargögnum Arkís arkitekta ehf., dags. 20. september 2017. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. október 2017.  
Umhverfis- og skipulagsráð tekur jákvætt í að fyrirspyrjandi vinni nýtt deiliskipulag á lóðinni í samráði við embætti skipulagsfulltrúa.

Dagný Harðardóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

13. **Brautarholt 16, 18 og 20**, (fsp) uppbygging (01.242.3) Mál nr. SN170753  
531107-0550 Arkís arkitektar ehf., Kleppsvegi 152, 104 Reykjavík  
650613-1200 Upphaf fasteignafélag slhf., Garðastræti 37, 101 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Arkís arkitekta ehf., mótt. 11. október 2017, ásamt greinargerð, dags. 11. október 2017, þar sem fram kemur að gerðar hafa verið breytingar á áður gerðri tillögu Arkís arkitekta ehf. ódags. varðandi hækkun húsanna nr. 18 og 20 við Brautarholt um eina hæð og breyta efri hæðum húsanna nr. 18, 20 og hluta til nr. 16 við Brautarholt í íbúðir og neðri hæðum í verslun og þjónustu. Eftirfarandi breytingar hafa verið gerðar : suður svalir hafa verið minnkaðar og færðar frá húsi, ljósop stækkuð og fjölbreytileiki íbúða hefur verið aukinn, samkvæmt tillögu Arkís arkitekta ehf., ódags. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. október 2017.  
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. október 2017 samþykkt.

Borghildur Sölvey Sturludóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

14. **Stekkjarkjarkki Þ73**, (fsp) uppfært (04.6) Mál nr. SN170754  
lóðarvilyrði  
130669-3609 Hjördís Sigurðardóttir, Selvað 1, 110 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Spors í sandinn ehf., mótt. 11. október 2017, ásamt bréfi, dags. 6. október 2017, um uppfært lóðarvilyrði sem felst í að lóð sem horft hefur verið til sem mögulegur stækkunarreitir fyrir ALDIN BioDome verði sameinuð þeirri lóð sem

afmörkuð hefur verið fyrir starfseminna ásamt aukningu á byggingarmagni. Einnig eru lögð fram kynningargögn, ódags.  
Frestað.

Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

### (E) Umhverfis- og samgöngumál

15. **Sorpa bs., fundargerð** Mál nr. US130002
- Lagðar fram fundargerð Sorpu bs. nr. 380 frá 27. október 2017 ásamt eftirfarandi fylgiskjölum:  
Áhættustefna SORPU br.  
Framlenging á samningi við SOS.  
Fundargerð eigendafundar frá 27. september 2017.  
Niðurstaða starfshóps um endurskoðun á núverandi fyrirkomulagi á rekstri endurvinnslustöðvanna.  
Frestað.
16. **Akstur með ferðamenn í miðborginni, mat** Mál nr. US170316  
á reynslu og tillögur um næstu skref

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur dags. 1. nóvember 2017 varðandi mat á reynslu og tillögur um næstu skref vegna aksturs með ferðamenn um miðborgina.  
Samþykkt.  
Vísað til borgarráðs.

Umhverfis- og skipulagsráðs bókar:

“Umhverfis og skipulagsráð telur að reynslan af takmörkunum á akstri með ferðamenn í miðborginni, sem tóku gildi 15. júlí, sé góð. Ráðið er einnig samþykkt því vinna að næstu skrefum sem lýst er í bréfi samgöngustjóra. Ráðið er ekki sátt við að tilmæli um einstefnumferð hópþreifreiða á Njarðargötu skuli ekki vera virt. Ljóst er að það veldur íbúum við götuna verulegu ónæði. Við teljum enn fremur að langar biðraðir af rútum á safnstæðinu við Traðarkot á Hverfisgötu, sem í sumum tilvikum hefta för strætó, ekki ásættanlegar.,

Edda Ívarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

17. **Hlemmur,** Mál nr. US170322
- Kynnt drög að hugmyndaleit um hönnun á Hlemmsvæðinu í heild.  
Kynnt.

Edda Ívarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

### (D) Ýmis mál

18. **Hljómskálinn við Reykjavíkurtjörn - friðlýsing, kynning** Mál nr. US170320
- Lagt fram til kynningar bréf Minjastofnunar Íslands dags. 16. október 2017 varðandi friðlýsingu Hljómskálans við Reykjavíkurtjörn, Sóleyjargötu 2.
19. **Smáhýsi fyrir dúfur, ósk um úthlutun skika** Mál nr. US170317  
(USK2017100025)
- Lagt fram bréf Guðmundar Jónssonar f.h. Bréfdúfnafélags Íslands dags. 4. október 2017 þar sem óskað er eftir að fá úthlutað skika undir smáhýsi fyrir dúfur.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagsviðs, skrifstofu umhverfisgæða.

20. **Lagfæring á götu milli Fornhaga og Neshaga**, tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins  
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík Mál nr. US170318
- Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 13. október 2017, vegna samþykktar borgarráðs frá 12. október 2017 um að vísa eftirfarandi tillögu borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins til meðferðar umhverfis- og skipulagsráðs: "Lagt er til að ráðist verði í lagfæringar sem fyrst á götu milli Fornhaga og Neshaga sem þjónar gangandi, hjólandi og akandi umferð um Hagaborg, Hagaskóla, íþróttahús Hagaskóla, Melaskóla og Neskirkju, ásamt því að vera bifreiðastæði fyrir þessar mikilvægu stofnanir. Leitast skal við að bæta umferðaröryggi þeirra skólabarna sem eiga daglega leið um svæðið, t.d. með því að afmarka betur gönguleiðir og lagningu sérstakrar hjólaleiðar."  
Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagsviðs, samgöngustjóra.
21. **Umhverfis- og skipulagssvið**, átta mánaða uppgjör Mál nr. US170319
- Lagt fram átta mánað uppgjör umhverfis- og skipulagssviðs janúar til ágúst 2017.
22. **Grensásvegur 16a**, kæra 107/2017 (01.295.4) Mál nr. SN170781  
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
- Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 27. september 2017, ásamt kæru þar sem kært er byggingarleyfi til að rífa matshl. 03, fastanr. 2015642, merkt bílastæðahús við Grensásveg 16a og Síðumúla 37-39.  
Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagsviðs, skrifstofu sviðsstjóra.
23. **Vegamótastígur 7 og 9**, kæra 115/2017 (01.171.5) Mál nr. SN170782  
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
- Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 6. október 2017, ásamt kæru þar sem kært er takmarkað byggingarleyfi vegna framkvæmda við Vegamótastíg 7-9.  
Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagsviðs, skrifstofu sviðsstjóra.
24. **Langholtsvegur 138**, kæra 120/2017 (01.441) Mál nr. SN170778  
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
- Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 12. október 2017 ásamt kæru, þar sem kærð er synjun um leyfi til að byggja sólskála og endurbyggja anddyri við Langholtsveg 138.  
Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagsviðs, skrifstofu sviðsstjóra.
25. **Laugavegur 95-99**, kæra 122/2017 (01.174.1) Mál nr. SN170791  
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík
- Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 13. október 2017 ásamt kæru, þar sem kærð er álagning bílastæðagjalds vegna viðbyggingar við fasteignina Laugavegur 95-99.  
Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagsviðs, skrifstofu sviðsstjóra.
26. **Laugavegur 59**, kæra 128/2017 (01.173.0) Mál nr. SN170803  
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 27. október 2017 ásamt kæru, þar sem kærð er synjun á leiðréttingu og deiliskipulagsbreytingu vegna Laugavegar 59.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagsviðs, skrifstofu sviðsstjóra.

27. **Laugarnesvegur 83**, kæra 98/2017, umsögn (01.345.2) Mál nr. SN170684  
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 11. september 2017 ásamt kæru, þar sem kærð er ákvörðun dags. 3. ágúst 2017 um að hafna ógildingu byggingarleyfis og hafna kröfu um beitingu þvingunarúrræðis. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra, dags. 9. október 2017.

Fulltrúi Samfylkingarinnar Sverrir Bollason bókar: Óskað er eftir kynningu á umsögn skrifstofu sviðsstjóra á næsta fundi ráðsins.

Kynnt.

Harri Ormarsson lögfræðingur tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

28. **Mímisvegur 4**, kæra 126/2017, umsögn (01.196.1) Mál nr. SN170787  
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 23. október 2017 ásamt kæru, þar sem kært er byggingarleyfi fyrir Mímisveg 4. Í kærinni er gerð krafa um stöðvun framkvæmda til bráðabirgða. Einnig lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra, dags. 25. október 2017.

29. **Seljaland 1-7**, nr. 5, kæra 106/2017, umsögn (01.871) Mál nr. SN170780  
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 27. september 2017, ásamt kæru þar sem beðið er um úrskurð um hvort gluggaframkvæmdir í fjöleignarhúsi við Seljaland 1-7 séu háðar byggingarleyfi. Einnig lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra, dags. 28. september 2017.

30. **Hverfisgata 98**, kæra 110/2017, umsögn (01.174.1) Mál nr. SN170779  
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 2. október 2017 ásamt kæru, þar sem kærð er breyting á nýtingu sameignar og séreignar í fjölbýlishúsinu Hverfisgötu 98. Einnig lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 11. október 2017.

31. **Bíldshöfði 18**, kæra 119/2017, umsögn (04.065.0) Mál nr. SN170770  
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 11. október 2017 ásamt kæru dags. s.d. þar sem kærð er synjun á breytingu á deiliskipulagi Ártúnshöfða vegna Bíldshöfða 18. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 17. október 2017.

32. **Kvosin**, kæra 55/2015, umsögn, úrskurður (01.1) Mál nr. SN150412  
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 16. júlí 2015 ásamt kæru dags. 15. júlí 2015 þar sem kærð er breyting á skilmálum deiliskipulags Kvosarinnar. Einnig lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra, dags. 25. janúar 2017. Lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 29. september

2017. Úrskurðarorð: Hafnað er kröfu kæranda um ógildingu á ákvörðun borgarráðs Reykjavíkur frá 21. maí 2015 um breytingu á skilmálum deiliskipulags Kvosarinnar.

33. **Aðalskipulag Reykjavíkur, Norðlingaholt,** (04.79) Mál nr. SN160726  
breyting á aðalskipulagi
- Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 18. október 2017 um samþykki borgarráðs frá 12. október 2017 varðandi breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 vegna Norðlingaholts.
34. **Lambhagavegur 27 og 29,** breyting á (02.680.7) Mál nr. SN170571  
deiliskipulagi  
210954-4659 Ólöf Guðný Valdimarsdóttir, Álakvísl 134, 110 Reykjavík  
660606-2380 111 ehf, Vesturlbr Fífilbrekku, 113 Reykjavík
- Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 12. október 2017 um samþykki borgarráðs s.d. varðandi auglýsingu á breytingu á deiliskipulagi Lambhaga vegna lóða nr. 27 og 29 við Lambhagaveg.
35. **Efstaland 26,** breyting á skilmálum (01.850.1) Mál nr. SN170613  
deiliskipulags  
440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík  
530117-0650 Reitir - verslun ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík
- Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 12. október 2017 um samþykki borgarráðs s.d. um auglýsingu varðandi breytingu á skilmálum deiliskipulags fyrir lóðina nr. 26 við Efstaland.
36. **Laugavegur 143 og 145,** breyting á (01.222.1) Mál nr. SN170525  
deiliskipulagi  
210279-3429 Helgi Mar Hallgrímsson, Laugarnesvegur 56, 105 Reykjavík  
570715-0380 Laugavegur 56 ehf., Hlíðasmára 12, 201 Kópavogur
- Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 12. október 2017 um samþykki borgarráðs s.d. varðandi auglýsingu á breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðirnar 143 og 145 við Laugaveg.
37. **Ellidabraut 4-6, 8-10 og 12,** breyting á (04.772.3) Mál nr. SN160659  
deiliskipulagi  
660504-2060 Plúsarkitektar ehf, Fiskislóð 31, 101 Reykjavík
- Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 12. október 2017 um samþykki borgarráðs s.d. varðandi breytingu á deiliskipulagi Norðlingaholts vegna lóða nr. 4-6, 8-10 og 12 við Ellidabraut.
38. **Lindargata 10,** breyting á deiliskipulagi (01.151.5) Mál nr. SN170076  
211184-2139 Bergur Þorsteinsson Briem, Noregur,  
Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 12. október 2017 um samþykki borgarráðs s.d. varðandi breytingu á deiliskipulagi reits 1.151.5 vegna lóðarinnar nr. 10 við Lindargötu.
39. **Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030,** Mál nr. SN170737  
**efnisvinnslusvæði í Álfsnesvík,** breyting á  
aðalskipulagi
- Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 19. október 2017 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á verklýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 og deiliskipulagi fyrir efnisvinnslusvæði í Álfsnesvík.
40. **Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030,** Mál nr. SN170741  
**miðsvæði M2c-M2g. Múlar-Suðurlandsb,**



breyting á deiliskipulagi - heimildir um  
íbúðarhúsnæði

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 19. október 2017 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á  
verklýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 fyrir miðsvæði  
M2c-M2g - Suðurlandsbraut.

41. **Alþingisreitur**, breyting á deiliskipulagi (01.141.1) Mál nr. SN170734  
510391-2259 Framkvæmdasýsla ríkisins, Borgartúni 7, 150 Reykjavík  
690906-1390 Batterið Arkitektar ehf., Hvaleyrarbraut 32, 220 Hafnarfjörður

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 19. október 2017 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á  
auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Alþingisreits.

42. **Frakkastígur - Skúlagata**, breyting á (01.15) Mál nr. SN140664  
deiliskipulagi

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 19. október 2017 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á  
auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir hluta Skúlagötusvæðis.

43. **Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins,** Mál nr. SN170150  
**Borgarlína**, breyting vegna Borgarlínu

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 19. október 2017 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á  
tillögu að breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins

Fleira gerðist ekki.

#### **Fundi slitið kl. 13:40**

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð

Hjálmar Sveinsson

Magnea Guðmundsdóttir  
Torfi Hjartarson  
Halldór Halldórsson

Sverrir Bollason  
Sigurborg Ósk Haraldsdóttir  
Áslaug María Friðriksdóttir

## Afgreiðsla byggingarfulltrúa samkv. samþykkt nr. 161/2005

Árið 2017, þriðjudaginn 24. október kl. 10:10 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 947. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Björgvin Rafn Sigurðarson, Sigrún Reynisdóttir, Nikulás Úlfar Másson, Olga Hrund Sverrisdóttir, Óskar Torfi Þorvaldsson, Jón Hafberg Björnsson og Sigríður Maack  
Fundarritari var Björgvin Rafn Sigurðarson.

### Þetta gerðist:

#### Nýjar/br. fasteignir

- Ásvallagata 15** (01.162.302) 101275 Mál nr. BN053136  
680794-2009 Ásvallagata 15, húsfélag, Ásvallagötu 15, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að steypa svalir með stálhandriðum á garðhlið og síkka gluggagöt til að koma fyrir hurð út á svalirnar á íbúðum 0201 og 0301 í húsinu á lóð nr. 15 við Ásvallagötu.  
Samþykki meðeigenda dags. 25. júní 2017 fylgir.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 6. október 2017 fylgir erindinu.  
Erindi var grenndarkynnt frá 31. ágúst 2017 til og með 28. september 2017 fyrir hagsmunaaðilum að Ásvallagötu 13 og 17 og Blómvallagötu 11.  
Engar athugasemdir bárust.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Lagfæra skráningu.
- Bankastræti 6** (01.170.204) 101332 Mál nr. BN053554  
020883-4219 Sara Arnarsdóttir, Laugavegur 58b, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að innrétta gististað í flokki II - tegund x fyrir x gesti í íbúðum 0301 og 0302 í húsi á lóð nr. 6 við Bankastræti.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 20. október 2017 fylgir erindinu, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. október 2017.  
Gjald kr. 11.000  
Synjað.  
Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 20. október 2017.
- Barmahlíð 7** (01.701.109) 106963 Mál nr. BN053728  
060149-6589 Bessi Gíslason, Barmahlíð 7, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum innanhúss sem felast í því að hringstiga hefur verið komið fyrir milli íbúðar 0101 og rýmis 0002 og hluta af geymslu íbúðar 0001 hefur verið breytt í herbergi í húsi á lóð nr. 7 við Barmahlíð.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
- Bíldshöfði 12** (04.064.101) 110669 Mál nr. BN053621  
480911-0400 Ormsvöllur ehf., Pósthólf 288, 172 Seltjarnarnes  
Sótt er um leyfi til að innrétta vinnustofur á 3. og 4. hæð ásamt því að byggja flóttastiga og flóttasvalir á austurgafli, samhliða færslu á loftræstiröri, og gera björgunarop og flóttasvalir á langhliðum í húsi á lóð nr. 12 við Bíldshöfða.  
Bréf brunahönnuðar dags. 17.10.2017 fylgir erindi ásamt samþykki frá auka aðalfundi húsfélags dags. 29.03.2017.  
Gjald kr. 11.000  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160/2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verður þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

5. **Brekkugerði 9** (01.804.203) 107735 Mál nr. BN053258  
021055-4259 Sigurjón Björnsson, Skipholti 15, 105 Reykjavík  
540187-1509 Inex ehf., Skipholti 15, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja 5,4 fm tæknirými undir útitröppum ásamt því að skipta eign í tvö fastanúmer, auk áðurgerðra breytinga sem felast í því að stigi milli kjallara og efri hæðar hefur verið lokaður af, hringstigi fjarlægður og byggðar svalir með tröppur niður í garð í húsi á lóð nr. 9 við Brekkugerði.  
Stækkun A-rými 5,4 ferm., 13,9 rúmm.  
Sjá fyrirspurn BN052634.  
Gjald kr. 11.000  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160/2010.  
Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrðaraðilar.  
Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verður þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
6. **Dalbraut 12** (01.344.501) 104042 Mál nr. BN053678  
500300-2130 Landspítali, Eiríksgötu 5, 101 Reykjavík  
Sótt er um stöðuleyfi til tólf mánaða fyrir skrifstofugámum sem eiga að standa á meðan viðgerðir á húsi BUGLS standa yfir á austurhluta lóðar nr. 12 við Dalbraut.  
Gjald kr. 11.000  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160/2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
7. **Döllugata 11** (05.113.102) 214842 Mál nr. BN053625  
111189-2699 Jónas Páll Viðarsson, Trönuhjalli 19, 200 Kópavogur  
Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt einbýlishús með innbyggðri bílgeymslu á lóð nr. 11 við Döllugötu.  
Stærð, A-rými: 294,5 ferm., 1.015,4 rúmm.  
B-rými: 53 ferm.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
8. **Efstaleiti 2** (01.745.201) 224636 Mál nr. BN053733  
681015-5150 Skuggi 4 ehf., Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur  
Sótt er um takmarkað byggingarleyfi fyrir uppsteypu kjallara og plötu yfir kjallara ásamt tilheyrandi lögnum í jörðu fyrir matshluta 05, fjölbýlishús að Lágaleiti 2-6 á lóð að Efstaleiti 2, sbr. byggingarleyfisumsókn nr. BN052547.  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160/2010.  
Samþykktin fellur úr gildi við útgáfu á endanlegu byggingarleyfi. Vegna útgáfu á takmörkuðu byggingarleyfi skal umsækjandi hafa samband við yfirverkfræðing embættis byggingarfulltrúa.  
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.  
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.

Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggir að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífarnar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins. Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.

9. **Frakkastigur 9** (01.173.029) 101516 Mál nr. BN053119  
581200-2770 STS ISLAND ehf., Laugavegi 51, 101 Reykjavík  
490316-0940 Aurora Arctica ehf., Mýrarseli 6, 109 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að innrétta veitingastað í flokki II tegund C í kjallara og á 1. hæð með opnun til 23.00 á virkum dögum og til 03 um helgar, til að lækka hluta gólfs um 70 cm og koma þar fyrir eldhúsi og snyrtingum, veitingastaður og opið eldhús verður á fyrstu hæð og geymslur og skrifstofur á annarri hæð í húsi á lóð nr. 9 við Frakkastíg.  
Umboð frá eiganda dags. 27. júní 2017, umsögn skipulags dags. 28. október 2017, bréf hönnuðar um breytingar dags. 29. ágúst 2017, umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 21. ágúst 2017 og 23. október 2017, hljóðvistaskýrsla dags. 28. ágúst 2017 og umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 5. október 2017 fylgja erindi.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 8. september 2017 fylgir erindinu, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. september 2017.  
Stækkun: 22,3 rúmm.  
Gjald kr. 11.000 + 11.000  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160/2010.  
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
10. **Freyjubrunnur 13** (02.695.705) 205729 Mál nr. BN053435  
631203-3290 Þver ehf., Skipholti 50B, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja tveggja hæða steinsteypt einbýlishús með innbyggðri bílgeymslu á lóð nr. 13 við Freyjubrunn.  
Stærð, A-rými: 237,5 ferm., 732 rúmm.  
Gjald kr. 11.000  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160/2010.  
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
11. **Garðastræti 13A** (01.136.527) 100616 Mál nr. BN053665  
510809-0330 Ísar Nói ehf, Kríuási 33, 221 Hafnarfjörður  
151143-2969 Hafþór Edmond Byrd, Suðurhlíð 38b, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta skóvinnustofu í íbúð í húsi á lóð nr. 13a við Garðastræti.  
Gjald kr. 11.000  
Synjað.  
Með vísan til athugasemda.
12. **Garðsendi 3** (01.824.403) 108422 Mál nr. BN053512  
640513-0470 Garðsendi fasteignafélag ehf., Garðsenda 3, 108 Reykjavík  
160572-3969 Valdimar Kristinsson, Garðsendi 3, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að stækka til suðurs fjölbýlishús á lóð nr. 3 við Garðsenda.  
Lagðar fram umsagnir skipulagsfulltrúa dags. 29. mars 2014, 23. maí 2014 og 14. júlí 2016.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 20. október 2017 fylgir erindinu, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. október 2017.

Gjald kr. 11.000

Synjað.

Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 19. október 2017.

13. **Grandagarður 20** (01.112.501) 100033 Mál nr. BN053658  
541185-0389 HB Grandi hf., Norðurgarði 1, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta áður samþykktu erindi BN052903 þannig að breytt er innra fyrirkomulagi og sett er upp milliloft á norðvesturhorni hússins á lóð nr. 20 við Grandagarð.  
Stækkun vegna millilofts er 54,4 ferm.  
Umsögn brunahönnuðar dags. 9 okt. 2017 og bréf frá hönnuði dags. 19 okt. 2017 fylgir.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
14. **Grjótháls 8** (04.301.201) 111014 Mál nr. BN053654  
570715-0700 Íslenska vetnisfélagið ehf., Borgartúni 26, 105 Reykjavík  
